

- c) framferði skipafélagasamtaka hefur áhrif sem stangast á við ákvæði 82. gr. sáttmálans;
- d) slík áhrif eru afleiðing úrskurðar gerðardóms.

13. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Ákvæði 1. mgr. 81 gr. sáttmálans skulu ekki gilda um samninga sem eru í gildi 25. apríl 2000 og sem fullnægja, á þeim degi, kröfum í reglugerð (EBE) nr. 870/95 vegna undanþágu og sem voru meðhöndlaðir samkvæmt málsmeðferð þar sem andmælum var hreyft eins og kveðið var á um í 7. gr. þessarar reglugerðar.

2. Tilkynning, sem er lögð fram samkvæmt 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 870/95 áður en þessi reglugerð gengur í gildi, telst lögð fram samkvæmt 7. gr. þessarar reglugerðar verði sex mánaða fresturinn ekki útrunninn 25. apríl 2000.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 26. apríl 2000.

Hún gildir til 25. apríl 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. apríl 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 359/1993 um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Náttúruvernd ríkisins til ráðgjafar starfar sérstök ráðgjafarnefnd skipuð af ráðherra til 4 ára í senn. Í nefndinni eiga sæti forstjóri Náttúruverndar ríkisins sem er formaður, einn fulltrúi tilnefndur af Kelduneshreppi og einn tilnefndur af ferðamálasamtökum í viðkomandi landshluta. Þjóðgarðsvörður situr fundi nefndarinnar og hefur málfrelsi og tillögurétt. Nefndin skal halda fundi eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. mars 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.